



NETNOTKUN

Netnotkun

© Texti: Guðrún Þorsteinsdóttir og María Jónsdóttir

© Teikningar: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Útgefandi: Leikni, Reykjavík 2016

Netfang: leikni@leikni.is

Umbrot: Sigrún Kristín Árnadóttir

Öll réttindi áskilinn.

Bækling þennan má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með prentun, ljósmyndun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án skriflegs leyfi höfunda og útgefanda.

Sérstakar þakkir fá: Halldóra Jónsdóttir, Jóhann Arnarsson, Jón Þórður Baldvinsson og Sigrún Broddadóttir fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar sem og styrktaraðilar.

Styrktaraðilar:



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

STYRKTARSJÓÐUR
ÞORSTEINS H. ÁSGEIRSSONAR

Netið er skemmtilegur og fróðlegur miðill

Möguleikarnir eru margir:

- Kynnast öðrum
- Fylgjast með vinum og ættingjum
- Taka þátt í hópum og spjalli fólks með svipuð áhugamál
- Halda utan um hópa, til dæmis bekkjarfélaga
- Afla sér upplýsinga, til dæmis um ýmsan fróðleik, áhugamál eða skólaverkefni



Örugg netnotkun

Það leynast líka hættur á netinu sem þú þarft að þekkja og vera meðvituð/meðvitaður um.

Hér á eftir koma nokkur góð ráð um örugga netnotkun.



Hverjir sjá efnið mitt á netinu?

Aðrir geta notað upplýsingar sem þeir fá frá okkur, til dæmis sýnt öðrum myndir.

Ekkert á netinu eyðist út, það er hægt að vista og áframsenda allt, bæði myndir og texta.

Passaðu þig að senda vinum þínum ekki skilaboð eða myndir á netinu sem þú vilt ekki að aðrir sjái.

Vinir þínir gætu sýnt öðrum skilaboðin eða aðrir séð þau óvart.



Vinabeiðni

Þú þarft ekki að vera vinur allra sem senda þér vinabeiðni. Ef þú þekkir fólkið lítið eða ekkert getur þú sagt nei.


Þú getur líka spurt einhvern fullorðinn sem þú treystir vel hvað þú eigir að gera. Mundu að þú velur hverjir eru vinir þínir.



Vinátta


Netsamskipti við aðra koma ekki í staðinn fyrir raunverulega vini.

Netvinir eru ekki bestu vinir. Þeir geta samt orðið það ef þeir spjalla mikið saman og hittast líka fyrir utan að spjalla saman í tölvunni.



Skilaboð

Ef þú sendir einhverjum skilaboð og færð ekki svar er ekki viðeigandi að senda sömu eða svipuð skilaboð aftur og aftur. Ekki senda oftar en **tvisvar** sinnum.



Áhugamál

Þegar þú setur inn myndir eða skrifar status skaltu gæta þess að það sé viðeigandi.

Reyndu að deila ekki of mörgum póstum um áhugamál þín.

Það getur verið betra að gera slíkt í smærri hópum þar sem fólk deilir sömu áhugamálum og þú.



Ekki segja öllum

Stundum lendir fólk í rifrildi eða vinaslitum.

Það er ekki gott að segja frá því á netinu, til dæmis á Facebook.


Það er betra að leita til annars vinar eða einhvers sem þú treystir til að fá góða ráðgjöf.



Viltu byrja með mér?

Passaðu að senda ekki öðrum
upplýsingar um einkamál þín,
til dæmis hverjum þú ert hrifin/
hrifinn af.

Netið er ekki rétti staðurinn til að
spyrja fólk hvort það vilji byrja með
þér.



Myndir

Ekki senda dónaleg orð eða myndir sem þú vilt ekki að aðrir sjái.

Ef þú færð dónalegar myndir eða skilaboð láttu einhvern fullorðinn sem þú treystir vel vita og fáðu leiðbeiningar.


Aldrei senda neinum myndir af einkasvæðum líkama þíns eða annarra, jafnvel þó að þú treystir honum vel og hann tali um hvað þú sért sæt/sætur.



Blokka

Ef einhver á netinu áreitir þig, til dæmis með myndum sem þú vilt ekki sjá eða er ókurteis, þá getur þú blokkað viðkomandi.

Ef einhver sendir þér upplýsingar eða biður þig um eitthvað sem þér finnst óþægilegt, þá má segja nei og þú getur tekið viðkomandi út af vinalistanum þínum.



Þekkist þið?

Ef einhver ókunnugur sem þú spjallar við á netinu vill hitta þig, máttu segja nei.

Ef þú samþykkir að hitta einhvern ókunnugan sem þú spjallar við á netinu skaltu velja stað sem þú þekkir vel og þar sem fleira fólk er viðstatt.

Gott er hitta hann/hana á öruggum stað eins og kaffihúsi, þá helst um miðjan dag, kannski með vini sem þú treystir vel.



Þekkist þið?

Ef þér fannst ekki þægilegt að hitta viðkomandi, þá skaltu segja nei ef hann/hún vill hitta þig aftur.

Ef hann/hún heldur áfram að biðja þig um að hitta sig, skaltu biðja einhvern fullorðinn sem þú treystir vel til að hjálpa þér.

NEI

Þrjótar á netinu

Passaðu að láta aldrei vita á netinu að þú sért í burtu og að það sé enginn heima hjá þér. Þá gæti einhver brotist inn hjá þér.

Aldrei gefa neinum lykilorðin þín nema þú treystir viðkomandi mjög vel, eins og foreldrum þínum. Gott er að skipta reglulega um lykilorð.



Ekki trúá öllu!

Það er mikilvægt að svara aldrei skilaboðum frá ókunnugum þar sem þú ert beðin/n um aðstoð eða persónulegar upplýsingar. Jafnvel þó að skilaboðin segi að þú hafir unnið eitthvað, eins og hluti eða peninga.

Ekki skoða pop-up síður, þær gætu verið með vírus sem eyðileggur tölvuna þína.



Er þetta glæpur?

Hefur þú lent í einhverju sem kemur fram hér að framan eða heldur að einhver hafi verið að nota netið og samskipti á netinu til að brjóta lög, plata þig, særa eða meiða þig? Þá skaltu tala við einhvern fullorðinn sem þú treystir vel og jafnvel leita til lögreglunnar.



Netið er frábær miðill

Netið býður upp á óteljandi möguleika.

Netið er skemmtilegt og það er hægt að læra marga í gegnum netið, fara í leiki, skoða og horfa á myndir, fræðast og svo má lengi telja.

Ef þú hefur atriðin sem hér hafa verið rakin á hreinu þá eru samskiptin þín á netinu örugg.

Góða skemmtun.

